

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari.

Efni: Umsögn Frjálsíþróttasambands Íslands, um þskj.135 - 135. mál, 130. löggjafarþing

Menntamálanefnd Alþingis.

Erindi þetta var tekið fyrir á fundi FRÍ í síðasta mánuði og var undirrituðum falið að svara erindinu. Mál þetta var rætt á þingi FRÍ sem haldið var fyrir tveimur árum og var þingheimur á einu máli um að sjóður af því tagi sem nefndur er í þskj, 135, væri lífsnauðsyn.

Þetta er brýnt mál fyrir frjálsíþróttahreyfinguna í landinu, sérstaklega þar sem aðeins 8 vellir eru til með með gerviefni á hlaupabrautum og flestir þeirra á Suðvesturhorni landsins. Þeir eru:

1. Mosfellbær, 6 brautir.
2. Laugardalsvöllur, 8 brautir (völlurinn er í umsjón Knattspyrnusambandsins)
3. Kópavogur, 6 brautir.
4. Kaplakriki Hafnarfirði, 6 brautir
5. Laugarvatn, 4 brautir (Aðstaða fyrir mótahald mjög bágborin).
6. Borgarnes, 6 brautir.
7. Egilsstaðir, 6 brautir.
8. Sauðárkrúkur (völlur væntanlegur sumarið 2004)

Frjálsíþróttir eru stundaðar, eins og kunnugt er, um nánast allt land og stór hluti iðkenda er á svæðum utan þeirra staða sem tilgreindir eru hér að ofan. Það vill segja að mótin eru haldin á völlum með gerviefni og keppendur þurfa að ferðast mikið til að geta keppt við boðlegar aðstæður og verið samkeppnishæf, ekki aðeins innanlands heldur líka við unglinga í öðrum löndum.

Frjálsíþróttir eiga djúpar rætur um allt land og forsenda þess að íþróttin fái dafnað og þróast er að unglingarnir, okkar framtíðarafreksfólki, fái tækifæri til að keppa á mótum við jafnaldra sína á SV horni landsins. Því vill Frjálsíþróttasambandið leggja til að

ekki aðeins verði þáttataka á meistaramótum studd fjárhagslega, heldur líka
viðurkennd mót sem haldin eru á vegum sambandsaðila sérsambandanna.

Hér er því um allt að því lífsnauðsynlegt mál að ræða fyrir frjálsíþróttir í landinu.

Með von um góðan framgang þessa máls.

Jónas Egilsson.

Jónas Egilsson
formaður FRÍ
s. 863-3409
fax 514-4041
jonase@centrum.is
<http://www.fri.is>